

09. fundargerð – Aukastjórnarfundur 23. október 2023 Teams-fundur.

Mætt voru: Anna Berg Samúelsdóttir, Benóný Jónsson, Björg Helgadóttir, Guðrún Nína Petersen, Lilja Grétarsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava Svanborg Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir og Unnur Magnúsdóttir.

Porkell Heiðarson mætti í upphafi fundar en þurfti frá að hverfa kl. 12:06. Unnur Magnúsdóttir vék af fundi 12:30.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir.

Fundargerð:

MHH setti fund kl. 12:01.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál FÍN

MHH fór yfir stöðu húsnæðismála BHM og FÍN. BHM er flutt út úr Borgartúni 6 og nú eru aðeins 3 félög eftir í húsi. FÍN stendur til boða að taka á leigu sér rými á annarri hæð í Borgartúni 27 ásamt öðrum félögum sem myndu vera saman í opnu rými. Til staðar verður sameiginlegt fundarrými og næðisrými ásamt nauðsynlegum búnaði á hæðinni.

Framkvæmdastjórn FÍN telur að félagið hafi borð fyrir báru skv. rekstraráætlun til að fara í skammtímaleigu í Borgartúni 27 og nota þessi tvö ár til að ákveða hvað gera skal í húsnæðismálum FÍN. Fastur kostnaður vegna Borgartúns 6 er um 172.000,- kr. á mánuði.

KVH hefur komið að máli við FÍN um að kaupa saman þriðju hæðina í Borgartúni 6. Jafnframt er líklegt að lagt verði til á húsfélagsfundi að setja Borgartún 6 í söluferli. FÍN á 10% hlut í húsfélaginu en BHM 45% og Viska 18%. Það er því ólíklegt að FÍN geti haft áhrif á það að Borgartún 6 verði sett á sölu.

Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt að skrifa undir tveggja ára leigusamning við BYGG um sérrými á annarri hæð í Borgartúni 27. Formaður FÍN mun styðja að Borgartún 6 fari í söluferli. Ákvörðun um möguleg kaup FÍN á þriðju hæð í Borgartúni 6 verður tekin síðar.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:52.